

From: Rósa Guðrún Bergþórsdóttir [mailto:rosa.g.bergthorsdottir@vel.is]
Sent: þriðjudagur, 28. nóvember 2017 14:18
To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>;

Tilvísun í mál: VEL17080235

Góðan daginn,
þessi póstur er sendur á sveitarfélög og félagsmálastjóra á Íslandi.

Þann 31. maí 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um [stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2012](#). Vakin er athygli á greinargerð sem fylgdi [tillögunni](#). Framkvæmdaáætlunin tekur við af fyrri þingsályktun sem unnið var eftir árin 2012-2017. Í nýju áætluninni eru tilgreind 39 verkefni á sjö málavíðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu. Sjá nánar á [vefsvæði velferðarráðuneytisins](#).

Aðgerð A3 í kaflanum um aðgengi fjallar um áætlanir um úrbætur á aðgengi og aðgengisfulltrúa en hún hljóðar svo:

A.3. Áætlanir um úrbætur á aðgengi og aðgengisfulltrúar.

Markmið: Að aðgengi í víðum skilningi hindri ekki samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.

Lýsing: Hvatt verði til þess að opinberir aðilar skipi aðgengisfulltrúa. Hlutverk þeirra verði að sjá til þess að gerðar séu úttektir á aðgengi, þ.e. á þjónustu og starfsemi viðkomandi aðila í víðum skilningi. Leiði úttekt í ljós að úrbóta sé þörf hlutist aðgengisfulltrúi til um að gerðar séu tímasettar áætlanir um úrbætur.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið, en færist yfir til miðstöðvar innan stjórnsýslunnar samkvæmt 1. mgr. 33. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Dæmi um samstarfsaðila: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: 2017-2021.

Kostnaður: Kostnaður metinn hjá innanríkisráðuneytinu.

Mælanlegt markmið: Hlutfallslegur fjöldi aðgengisfulltrúa hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum ásamt fjölda aðgerðaáætlana.

Með þessum pósti er vakin athygli á aðgerðinni og hvatt til þess að henni sé framfylgt. Athugið að merking hugtaksins *aðgengi* hér, skírskotar til aðgengis í víðum skilningi, sjá nánar í greinargerð sem fylgdi tillögunni.

Einnig er óskað eftir svari við eftirfarandi spurningum:

1. Starfar aðgengisfulltrúi hjá sveitarfélaginu?
Ef já við fyrstu spurningu svarið þá næstu spurningu nr. 2 en annars spurningu nr. 3:
2. Hvert er hlutverk eða helstu verkefni aðgengisfulltrúa?
3. Hefur verið gerð aðgengisúttekt í sveitarfélaginu?
Ef já við þriðju spurningu svarið þá spurningum nr. 4 og 5:
4. Hverjar voru helstu niðurstöður úttektarinnar?
5. Hvernig var brugðist við niðurstöðunum?
6. Hver eru næstu skref sveitarfélagsins til að bæta úr aðgengismálum?

Bestu kveðjur,
Rósa